

**Mál nr. 334/2021**

**M og  
V v/ innbústryggingar fjölskyldutryggingar.**

**Gildissvið innbústryggingar vegna bruna 9. maí 2021.****Gögn.**

Málskot, móttakið 1. september 2021.

Bréf V dags. 21. september 2021, ásamt tjónstilkynningu M til V dags. 9. júní 2021, vátryggingarskírteini og vátryggingarskilmálum nr. E-32.

**Málsatvik.**

Í gögnum málsins kemur fram að tjón hafi orðið á veiðibúnaði M hinn 9. maí 2021 vegna bruna í geymsluhúsnæði sveitabæjar sem M hafði fengið að skilja búnaðinn eftir í.

M telur að hann eigi rétt á bótum úr innbústryggingu sinni þar sem veiðibúnaðurinn sé hluti af innbúi hans og búnaðurinn hafi verið geymdur tímabundið í geymsluhúsnæðinu sem brann þar sem hann hafi lent í því að kerra hans bilaði helgina 12.-13. mars sl. og hafi hann fengið að skilja búnaðinn eftir á meðan hann næði í varahluti til Reykjavíkur. M telur að innbúið hafi einungis verið þar um stundarsakir og uppfylli því ákvæði gr. 3.1 í innbústryggingu fjölskyldutryggingar V.

V hefur hafnað bótaskyldu og telur að ekki hafi komið fram í tjónstilkynningu M að veiðibúnaður hans hafi verið geymdur til skamms tíma utan heimilis hans. V bendir á að innbústryggingu fjölskyldutryggingar nái til innbús sem er á heimili því sem tilgreint sé í vátryggingarskírteini og til almenns innbús sem geymt sé utan heimilis um stundarsakir. Þannig hafi ekki háttað um innbú M og vísar V til þess að gæsaveiðitímabili hafi lokið 15. mars 2021 og bruninn hafi orðið nær tveimur mánuðum síðar.

**Álit.**

Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að veiðibúnaður, sem sagt sá hluti innbús M sem hann krefst bóta vegna, hafi verið í geymslu annars staðar en á heimili hans þegar kom upp bruni í geymsluhúsnæðinu og búnaðurinn brann. M hefur gefið þær skýringar að hann hafi fengið að skilja veiðibúnaðinn, sem tilheyrði gæsaveiðum, eftir um miðjan mars sl. í umræddu geymsluhúsnæði og hafi síðan kviknað í 9. maí sl. Þegar metið er hvernig skilja á orðalagið „...um stundarsakir..“ í vátryggingarskilmálum V telst M ekki hafa gefið nægar skýringar á því að hann hafi ekki getað vitjað veiðibúnaðarins fyrr en tæpum tveimur mánuðum eftir að hann var skilinn eftir vegna ferðar eftir varahlutum til Reykjavíkur. Vegalengdir milli þess staðar hvar búnaður M var geymdur og Reykjavíkur er ekki það langur að ekki hægt sé að vitja hans auðveldlega. Verður ekki litið svo á að M hafi gefið slíkar skýringar á þeim tíma sem leið frá því að hann skildi búnaðinn eftir þar til hann brann að búnaðurinn hafi verið geymdur „um stundarsakir“ utan heimilis M og fellur tjónið því ekki undir bótasvið innbústryggingar fjölskyldutryggingar hans hjá V, sbr. gr. 3.1 í vátryggingarskilmálum.

**Niðurstaða.**

Tjón M er ekki bótaskyldt úr innbústryggingu fjölskyldutryggingar hjá V

Reykjavík, 19. október 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.